

Nd.

## 497. Nefndarálit

[193. mál]

um frv. til laga um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Nefndin varð ekki sammála um afgreiðslu málsins og skila undirritaðir fulltrúar Sjálfstæðisflokksins séráliti.

Nefndir beggja deilda unnu saman að athugunum á frv. Nefndarmenn Sjálfstæðisflokksins í Ed., Lárus Jónsson og Eyjólfur Konráð Jónsson, fluttu í samráði við okkur undirritaða breytingartillögur við frv. sem eru í því fólgnar að koma í veg fyrir kjaraskerðingu þá sem frv. hefur í för með sér að því er varðar láglaunafólk og lífeyrisþega almannatrygginga. Þessar breytingartillögur, sem við flytjum óbreyttar í Nd. að meginstefnu, fela í sér skattalækkun, verulega hjöðnun verðbólgu 1. maí og síðast en ekki síst ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir atvinnuleysi, sem hætta er á fyrr en varir að óbreyttri stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnu-málum.

Þessar breytingartillögur okkar voru lagðar fram á sameiginlegum fundum fjárhags- og viðskiptanefndar efri og neðri deilda. Fulltrúar stjórnarflokkanna tóku ekki undir tillögurnar þótt fyrir lægi m. a. bréf frá hagstofustjóra þess efnis, að meginákvæði frv. um 7% skerðingu verðbóta á laun mundi gilda gagnvart bótum almannatrygginga, „nema annað hafi verið ákveðið sérstaklega í viðkomandi lögum eða annars staðar“.

Að morgni hins 24. febrúar — daginn sem önnur umræða fór fram í efri deild — tók ríkisstjórnin ákvörðun um að hluti lífeyris þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar og heimilisuppbótar, skuli hækka um 14,6% en allar aðrar tryggingabætur um 6%. Þar er um að ræða grunnellilífeyri, barnlífeyri, mæðra-laun, ekkjubætur, sjúkra- og slysdagpeninga — svo nokkuð sé nefnt. Þessar lífeyris- og nauðpurftagreiðslur eiga skv. bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar að hækka um 6% á sama tíma sem framfærslukostnaður hækkar vegna óstjórnar og óða-verðbólgu um 14,32% skv. útreikningi Hagstofu Íslands.

Hér er þó ekki sögð öll sorgarsaga þessara ára ríkisstjórnarinnar á kjör elli- og örorkulífeyrisþega og annarra sem rétt eiga á almannatryggingagreiðslum. Hin síðari ár hafa allir verið sammála um að það fólk, sem nærri einvörðungu hefði fyrir sig að leggja lífeyri úr almannatryggingum, væri verst sett í þjóðfélaginu. Skv. bráðabirgðalögum og síðari ákvörðun ríkisstjórnarinnar hinn 24. febrúar hækkaði heildarlífeyrisgreiðsla þessa fólks einungis um 10,2% 1. mars s. l., á sama tíma sem framfærslukostnaður þess hækkaði um 14,32%.

Hér fer á eftir yfirlit sem sýnir hækkun lífeyris elli- og örorkulífeyrisþega sem fá tekjutryggingu.

### Bætur elli- og örorkulífeyrisþega sem hafa tekjutryggingu, skv. ákvörðun ríkisstjórnarinnar:

I. Hjón. Mánaðargreiðslur.	Febr. nýkr.	Mars nýkr.	Hækkun %
Almennur elli- og örorkulífeyrir .....	1 960	2 246	6%
+ tekjutrygging .....	2 135	2 263	14,6%
Samtals	4 095	4 509	10,2%

**II. Einstaklingar. Mánaðargreiðslur.**

	Febr. nýkr.	Mars nýkr.	Hækkun %
Almennur elli- og örorkulífeyrir .....	1 187	1 257	6%
+ tekjutrygging .....	1 160	1 329	14,6%
Samtals	2 347	2 586	10,2%

Frá því framangreind yfirlýsing heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Svavars Gestssonar, var gefin fyrir hönd ríkisstjórnarinnar um sérstaka hækkun tekjutryggingar og heimilisuppbótar hefur verið breytt yfir þá staðreynd eftir megni af stjórnarmálgögnum og í fréttatilkynningu ráðuneytisins, að heildarhækkun lífeyris þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta þessara greiðslna, er einungis 10,2% svo sem að framan greinir, og að allar bætur: grunnlífeyrir, barnlífeyrir, mæðralaun, ekkjubætur, sjúkra- og slysadagpeningar, eru skertar um 8,3% miðað við hækkun framfærslukostnaðar.

Greinilegt er að hörð gagnrýni okkar sjálfstæðismanna í stjórnarandstöðu á þessa miklu kjaraskerðingu bótaþega almennatrygginga og tillöguflutningur um að draga úr og koma í veg fyrir þessa aðför ríkisstjórnarinnar að öllum framangreindum bótaþegum hefur valdið því, að ríkisstjórnin sá sitt óvænna á síðustu stundu. Flaustrið og fálmið var þó svo mikið að jafnvel ráðherra hélt því fram við 3. umræðu í efri deild, að heildarbætur þeirra elli- og örorkulífeyrisþega, sem njóta tekjutryggingar og heimilisuppbótar, ættu að hækka 1. mars um 14,6%

Við 2. umræðu um þetta frv. í efri deild sagði fjármálaráðherra frá fundi með fjórum fulltrúum ASÍ í fjármálaráðuneytinu, sem einnig hafði átt sér stað 24. febr. s. l. Á þeim fundi taldi hann að þessir fulltrúar hefðu samþykkt að niðurfelling sjúkratryggingagjalds á tekjur allt að 6 750 000 gkr. væru fullgildar efndir á loforði ríkisstjórnarinnar um að bæta lágtekjufólki kjaraskerðinguna upp með skattalækkun sem næmi 1,5% í kaupmætti. Forseti ASÍ, Ásmundur Stefánsson, sagði að vísu í fjölmiðlum næsta dag, að hann hefði ekki aðstöðu til að meta hvort skattabreyting ráðherra gæti talist jafngild 1,5% í kaupmætti, það þyrfti að athuga síðar!

Svo mikið lá þó ráðherra á að tilkynna þessa „skattalækkun“, að hann gerði það með formlegri yfirlýsingu við 2. umræðu frv. eftir að ómögulegt hafði verið að fá upplýsingar um efndir þessa loforðs í nefnd í meira en mánuð og þingmenn stjórnarflokka höfðu lýst skattalækkunarhugmyndir sjálfstæðismanna sýndartillögur.

Allt ber þetta að sama brunni. Ráðherrar og ríkisstjórn gripu á síðustu stundu til þess að klóra sig einhvern veginn út úr réttmætri gagnrýni á bráðabirgðalögin sem sjálf eru hliðstætt flaustursverk og þessar tilskipanir ráðherra við umræðu um málið á Alþingi eftir að nefndir höfðu raunar lokið störfum.

Yfirlýsing fjármálaráðherra um niðurfellingu sjúkratryggingagjaldsins hefur í för með sér að tekjuskattar að meðtöldu sjúkratryggingagjaldi verða að líkindum hliðstæðir og á síðastliðnu ári í heild. Skattvísitala 145 þýðir þó þyngri skatta en í fyrra á þá sem hafa miðlungs- og hærri tekjur, þar sem tekjur hafa hækkað um a. m. k. 51% milli árana 1979 og 1980 skv. áætlun Þjóðhagsstofnunar. Heildarskattbyrði mun þó hækka á skattgreiðendum þriðja árið í röð eftir sem áður. Eignarskattar hækka, ef óbreytt lög gilda, og ýmsir neysluskattar hækka verulega. Orkujöfnunargjald, sem er í raun 1½% söluskattur, leggst á allt árið, en aðeins hluta árs í fyrra, nýir neysluskattar og hækkun bensínskatta umfram verðlag bætast þar við. Ríkisstjórnin stefndi að 23—24 milljarða gkr. skattahækkun á árinu 1981 að raungildi fyrir yfirlýsingu fjármálaráðherra. Af því áformi hefur nú verið slegið lítillaga. Eftir stendur að núverandi ríkisstjórn fylgir meginstefnu vinstri stjórnar Ólafs Jóhannessonar í skattamálum. Þessar ríkisstjórnir bera ábyrgð á 60—70 milljarða skattahækkun á yfirstandandi ári, sem er að raungildi um 1600 þúsund gkr. á hverja 5 manna fjölskyldu í landinu. Slík eru afrekin í skattamálum.

Eins og áður segir unnu fjárhags- og viðskiptanefndir efri og neðri deilda sameiginlega að athugun á þessu máli. Þetta nefndarálit er fyrst og fremst um þá vend-

ingu sem málið tók með furðuvinnubrögðum ráðherra og ríkisstjórnarinnar, eftir að því nefndarstarfi lauk.

Að öðru leyti vísast til itarlegs nefndarálits Lárusar Jónssonar og Eyjólfss Konráðs Jónssonar í efri deild. Þar eru breytingartillögur okkar á þskj. 498 einnig skýrðar.

Alþingi, 11. mars 1981.

Matthías Bjarnason,  
frsm.

Albert Guðmundsson.

Matthías Á. Mathiesen.

### Fylgiskjal I.

Tryggingastofnun ríkisins.  
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

### REGLUGERÐ um hækkun bóta almannatrygginga.

#### 1. gr.

Upphæðir tekjutryggingar og heimilisuppbótar skulu hækka um 14.6% frá 1. mars 1981 frá því sem þær voru í febrúar 1981.

Aðrar upphæðir bóta og greiðslu samkvæmt 74. gr. skulu frá sama tíma hækka um 6%.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar. Úr gildi fellur reglugerð með sama heiti, nr. 575 frá 14. nóvember 1980.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. febrúar 1981.*

Svavar Gestsson.

Páll Sigurðsson.

### Fylgiskjal II.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið.

### FRÉTTATILKYNNING.

Á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun var samþykkt tillaga um sérstaka 8% hækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyrisþega. Jafnframt var samþykkt sérstök hækkun heimilisuppbótar, einnig 8%.

Ofan á þessa hækkun kæmi síðan hækkun um 6% og skulu allar bætur lífeyrisdeildar almannatrygginga hækka um þá prósentu. Þannig verður heildarhækkun tekjutryggingar elli- og örorkulífeyris og heimilisuppbótar liðlega 14%.

Eftir þessa ákvörðun liggur fyrir að aldraðir og öryrkjar, sem njóta tekjutryggingar, búa við herra hlutfall í samanburði við umsamin laun í landinu en nokkru sinni fyrr. Auk þeirra sérstöku 8%, sem hér er um að ræða, hefur ríkisstjórnin áður samþykkt sérstaka 5% hækkun tekjutryggingar umfram hækkun verðbótavísitölu. Alls hefur því átt sér stað 13% hækkun tekjutryggingar frá því að núverandi ríkisstjórn tók við.

Þeir einstaklingar, sem búa við elli- og örorkulífeyri með fullri tekjutryggingu og heimilisuppbót, hafa 1. mars 3 052 kr. á mánuði, en hjón með fulla tekjutryggingu hafa 4 509 kr. á mánuði. Dagvinnulaun samkv. 7. taxa VMSÍ verða frá 1. mars 3 906 á mánuði.